

EFTIRLITSSKÝRSLA

Eskja hf. Eskifirði Eskifjörður



Dags eftirlits	29.11.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Eskja hf. Eskifirði	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Strandgötu 2 / Marbakka	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6301694299	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Haukur L Jónsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	734232,988 517289,471

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Samkvæmt úrbótaáætlun átti hreinsunarkar að vera komið í notkun. 2) Frárennslismæling var ekki gerð á makrílvertíð. Auk þess er unnið skv. úrbótaáætlun í þremur frávikum: 1) Endurnýja þarf rör til inndælingar á sjó. 2) Heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennli er ekki lokið. 3) Umhverfismarkmið verksmiðjunnar liggja ekki fyrir. Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í seinni vettvangsheimsókn ársins í fiskimjölsverksmiðju Eskju á Eskifirði. Eskja hf. er með starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfisstofnun 2.9.2015 og gildir til 1.9.2031. Starfsleyfið heimilar að framleitt sé „fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og öðrum fiskafurðum, sem ætlaðar er til vinnslu og endurvinnslu [...] Verksmiðjunni er einnig heimil loðnuflokkun og hrognataka og að nýta í framleiðslu sína frákast frá þeirri vinnslu. Rekstraraðila er heimilt að framleiða úr allt að 1.000 tonnum af hráefni á sólarhring.“

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Farið yfir eldri frávik og samþykka úrbótaáætlun
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Önnur mál
5. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Í kjölfar fyrra eftirlits ársins barst Umhverfisstofnun úrbótaáætlun frá Eskju. Í henni eru tiltekin viðbrögð Eskju við þeim þremur frávikum sem voru opin eftir fyrra eftirlit ársins.

Rekstraraðili tilkynnti um upphaf vertíðar þann 13. júlí og lok hennar þann 9. nóvember. TVN mælingar fyrir júlí til og með október bærust eftirlitsaðila með tilkynningu um lok vertíðar.

2. Farið yfir eldri frávik og samþykka úrbótaáætlun

Af þeim sjö frávikum sem voru opin í fyrra eftirliti ársins var fimm lokað með bréfi dags. 28. júlí sl. og var eftir atvikum farið yfir úrbæturnar í eftirlitinu:

○ „Niðurstöður frárennslismælinga sem gerðar voru í mars 2020 sýndu að COD væri of hátt. Ekki hefur verið gerð önnur mæling [...], sbr. grein 3.2 í starfsleyfi, og ekki vitað til þess að einhverjar úrbætur hefðu verið gerðar á búnaðinum.“

Samkvæmt úrbótaáætlun sem var samþykkt 16. mars sl. stóð til að endurnýjun á röri fyrir inndælingu á sjó yrði lokið 1. október 2022. Í úrbótaáætlun sem var samþykkt þann 28. nóvember sl. var verklokum frestað til 31. desember 2022. Samkvæmt síðari úrbótaáætluninni átti hreinsunarkar að vera komið í notkun 15. ágúst sl. Vinna við það hefur dregist og á enn eftir að tengja karið við verksmiðjuna.

○ „Viðbragðsáætlun fyrirtækisins þarf að uppfæra.“

Uppfærð viðbragðsáætlun var send Umhverfisstofnun og var frávikinu því lokað.

○ Mengunaróhapp var ekki tilkynnt til eftirlitsaðila þegar þéttir í dælu í soðkjarnatæki í verksmiðjunni bilaði sem varð til þess að talsvert af soði fór í sjóinn.“

Í úrbótaáætlun sem var samþykkt með bréfi dags. 28. nóvember sl. kemur fram að verklagsreglur verksmiðjunnar og áhættumat hafi verið endurskoðuð og frávikinu var því lokað. Úrbæturnar voru staðfestar í eftirlitinu.

○ „Á fimm ára fresti skal þrýstiprófa niðurgrafnar lýsislagnir og allar löndunarlagnir fyrir lýsi og olíu. Staðfesting á að niðurgráfin lýsislögn sem ekki hafði verið þrýstiprófuð, barst Umhverfisstofnun þann

25. nóvember sl. og frávikinu var því lokað.

○ „Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr.851/2002, um grænt bókhald. Rekstraraðili skal færa útstreymisbókhald í samræmi við reglugerð nr. 990/2008, um útstreymisbókhald. Skila skal niðurstöðum græns bókhalds og útstreymisbókhalds fyrir 1. maí ár hvert.“ Umrædd gögn bárust Umhverfisstofnun í byrjun júní og var frávikinu því lokað.

Tvö frávik voru opin eftir fyrra eftirlit ársins og unnið eftir tímasettri úrbótaáætlun sbr. bréf Umhverfisstofnunar dags. 28. nóvember sl:

○ „Heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennsli verksmiðjunnar er ekki lokið.“

Samkvæmt úrbótaáætlun sem samþykkt var með bréfi dags. 28. nóvember sl. er stefnt að mælingu á síld og kolmunna á árinu 2023. Samkvæmt sömu úrbótaáætlun stóð til að mæla á makrílvertíð í sumar (2022) en þær mælingar voru hins vegar ekki gerðar.

○ „Umhverfismarkmið fyrirtækisins skulu endurskoðuð á fjögurra ára fresti.“

Í samþykktri úrbótaáætlun kemur fram að stefnt sé að því að ljúka vinnu við umhverfisstjórnunarkerfi Eskju fyrir árslok 2023. Rekstraraðila var bent á að fiskimjölsverksmiðjan þurfi skv. starfsleyfi að setja sér umhverfismarkmið. Bæklingur um umhverfismarkmið sem er tiltækur á heimasíðu Umhverfisstofnunar, var sendur rekstraraðila með tölvupósti.

Auk þess var, eins og áður hefur komið fram, í úrbótaáætlun sem samþykkt var 28. nóvember sl., endurnýjun á röri til inndælingar á sjó frestað og er nú unnið skv. því að henni verði lokið fyrir árslok 2022.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.

4. Önnur mál

Þann 18. júlí sl. barst Umhverfisstofnun tilkynning frá rekstraraðila um grútarmengun í fjörunni við verksmiðjuna. Í ljós kom að lögn sem flytur afskurð frá frystihúsinu í bræðsluna hafði, vegna mistaka, verið tekin í sundur. Brugðist var við óhappinu skv. verkferlum.

5. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði verksmiðjunnar. Verksmiðjan var ekki starfandi þegar eftirlitið fór fram en unnið var að ýmsum endurbótum.

Gati á útvegg sem bent var á, í fyrra eftirliti ársins, að þyrfti að loka betur, hafði verið lokað á tryggilegan hátt svo ekki er hætt á að efni komist í niðurfall utan hússins.

Frávik frá	Lýsing á frávik
gr. 2.16 í starfsleyfi	Úrbætur hafa ekki verið gerðar á búnaði í kjölfar þess að COD mældist of hátt í frárennsli. Taka átti hreinsunarkar í notkun og endurnýja rör fyrir inndælingu á sjó.
gr. 5.2 í starfsleyfi	Framkvæma skal heildarúttekt á losun mengandi efna. Mælingar skal gera á fitu svifefni og COD og/eða BOD. Úttektin skal taka til vinnslu á helstu tegundum bræðslufisks sem tekinn er til vinnslu í verksmiðjunni og gera bæði grein fyrir vetrarvinnslu og sumarvinnslu. Samkvæmt samþykktri úrbótaáætlun átti að mæla á makrílvertíð 2022.


ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru gerðar í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.12.2022


Freyr Evarsson

